



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík 20. maí 2020

Efni: Stuðningur til að efla virkni, vellíðan og félagsfærni barna í viðkvæmri stöðu á tímum COVID-19

Samþykkt hefur verið að styðja fjárhagslega við þau sveitarfélög, sem umfram hefðbundið sumarstarf sumarið 2020, hyggjast auka við frístundastarfsemi fyrir börn í sérstaklega viðkvæmri stöðu. Horft er til aldurshópsins 12 til 16 ára með sérstaka áherslu á að leitað verði einstaklingsbundinna leiða til að ná til þess hóps barna sem hvað síst sækja reglubundið frístundastarf.

Á þessum grundvelli gefst sveitarfélögum kostur á að sækja um fjárframlag vegna sérstakra viðbótarverkefna í frístundastarfi barna sumarið 2020. Alls hefur verið samþykkt að veita allt að 75 milljónum króna til þessa verkefnis á landsvísu. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög geti sótt ákveðið fjármagn til félagsmálaráðuneytisins til að efla verkefni eða hefja verkefni af þessu tagi.

Við útdeilingu fjármagns verður hlutfallslegur fjöldi barna á aldrinum 12 til 16 ára í hverju sveitarfélagi hafður til viðmiðunar. Líkur eru á að sá aldurshópur gæti verið í hvað minnstri virkni yfir sumartímann og í aukinni áhættu hvað varðar t.d. áhættuhegðun eða kvíða.

Þau sveitarfélög sem óska eftir fjármagni skulu senda inn umsókn fyrir 2. júní nk., í gegnum eyðublaðavef Stjórnarráðsins <https://minarsidur.stjr.is/web/index.html>. Í umsókninni þarf eftirfarandi að koma fram (sjá nánar í umsóknareyðublaðinu).

- Verkefnisáætlun
- Tímalína
- Markhópur
- Samstarfsaðilar
- Fjárhagsáætlun
- Tengiliður sveitarfélags vegna umsóknarinnar

Uppfylli verkefnið ofanskráð markmið um aukin stuðning við viðkvæman hóp barna sumarið 2020, fær sveitarfélag eingreiðslu í byrjun júní nk.

Þau sveitarfélög sem fá úthlutað fjármagni til verkefnisins skili stuttri skýrslu um framvindu og árangur til félagsmálaráðuneytisins fyrir 1. október 2020 á netfangið frn@frn.is undir heitinu Skýrsla um aukna frístundastarfsemi fyrir börn í viðkvæmri stöðu, sumarið 2020 vegna COVID-19 frá „nafn sveitarfélags“.

Nánari upplýsingar veitir Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, sérfræðingur
félagsmálaráðuneytinu, halldora.gunnarsdottir@frn.is

í í

Með kveðju,

Ásmundur Einar Daðason

Ásmundur Einar Daðason
félags- og barnamálaráðherra